

Selfossi, 21. apríl 2023

Efni: Umsögn Skógræktarinnar um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal, málsnúmer: UST202001-390.

Skógræktin hefur kynnt sér áætlunina, og óskar eftir því að fá að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Fram kemur í kaflanum um gróður, vistgerðir og jarðveg, að árlegar aðgerðir til að framfylgja stefnu í þeim málum sé „*Vöktun á framgangi framandi ágengra tegunda plantna og skal stuðla að upprætingu þeirra eftir þörfum.*“ (bls. 29). Skógræktin er ekki mótfallin því að gróður sé upprættur af gervigígum, eins og reyndar er kveðið á um sérstaklega í sama kafla. Hinsvegar (og í ljósi þess að það er þegar kveðið á um það sérstaklega að vernda beri gervigígana fyrir því að á þeim vaxi aðkominn gróður) telur Skógræktin aðgerðina of almennt orðaða. Nú er t.a.m. ekki fullskýrt hvaða tegundir það eru sem teljast framandi ágengar, en þó má ætla að átt sé við skilgreiningu á framandi tegund í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 „8. Framandi lífverur: Tegund eða lægri flokkunareining [...] sem menn hafa flutt vísitandi eða óvitandi sett út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði.“ (8. liður 1. mgr. 5. gr.). Í fljótu bragði virðist helst lúpína (*Lupinus nootkatensis*) falla undir ákvæðið. Skógræktin bendir þessvegna á nokkur atriði:

- Vöxtur lúpínu á svæðinu eykur gróðurhulu.
- Vöxtur lúpínu á svæðinu eykur viðnámsþrótt gróðurhulunnar við náttúruvá, s.s. öskufalli.
- Vöxtur lúpínu á svæðinu býr í haginns fyrir landnám annarra tegunda, s.s. birkis.
- Lúpína er frumherjategund sem hopar fyrir öðrum tegundum á síðari stigum framvindu gróðurvistkerfisins. Þau gróðurvistkerfi sem taka við af lúpínunni geta verið s.s. mosar, birkikjarr, graslendi eða lyng, og eru þessa alls ljós dæmi.

Nefnt er í stefnunni að helstu ógnir sem steðja að hinu friðlýsta svæði séu m.a. jarðvegseyðing (bls. 17), og nokkuð er rætt um að stefnt skuli að viðgangi gróðurs, þ.m.t. birkiskóga. Af ofansögðu leiðir að *uppræting* t.d. lúpínu gengur berlega gegn öðrum markmiðum stefnunnar, s.s. yfirmarkmiði-A Ríósamningsins (Að viðhalda, endurheimta heilbrigði, samfellu og viðnámsþrótt vistkerfa.).

Það er því ósk Skógræktarinnar að aðgerðin „*Vöktun á framgangi framandi ágengra tegunda plantna og skal stuðla að upprætingu þeirra eftir þörfum.*“ verði umorðuð og gerð skýrari, og takmörkuð við að hlífa náttúruvættum (s.s. gervigígum) við því að á þeim vaxi óæskilegur gróður, svo fremi sem það sé rökstutt.

Það er því tillaga Skógræktarinnar að aðgerðin verði orðuð „*Vöktun á útbreiðslu og vexti óæskilegra tegunda á náttúruvættum og uppræting þeirra ef rökstudd þörf telst á því.*“

Skógræktin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlunina, og fagnar vel unninni áætlun.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar ef þess er óskað

Bestu kveðjur

f.h. Skógræktarinnar

Páll Sigurðsson

Skipulagsfulltrúi Skógræktarinnar

Austurvegi 3, Selfossi

pall.sigurdsson@skogur.is

s. 849-2912